



Akureyrarbær

Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar
á Norðurlandi eystra
Garðarsbraut 5
640 Húsavík

Akureyri, 28. janúar 2021
2021011564 / 01-101

Efni: Samstarf Grænlands og Íslands á nýjum Norðurslóðum

Bæjarráð hefur á fundi sínum þann 28. janúar 2021 gert eftirfarandi bókun:

Rætt um nýútkomna skýrslu utanríkisráðuneytisins, Samstarf Grænlands og Íslands á nýjum Norðurslóðum, og tækifæri sem í samstarfinu kunna að felast fyrir Akureyrarbæ. Skýrsluna er að finna á eftirfarandi slóð: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/01/21/Samstarf-Graenlands-og-Islands-a-nyjum-Nordurslodum/>

Akureyrarbær hefur skapað sér nafn sem norðurslóðabær Íslands og hér hafa fjölmargar stofnanir sem vinna að norðurslóðamálum aðsetur. Ánægjulegt er að sjá þann áhuga á frekari samvinnu við nágrannaþjóð okkar Grænlendinga sem endurspeglast í skýrslunni. Bæjarráð telur mikil tækifæri fyrir Norðurland felast í þeim tillögum sem lagðar eru fram í skýrslunni og óskar eftir því við stjórn SSNE að taka málið upp. Jafnframt felur bæjarráð bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar að undirbúa fund með utanríkisráðherra um málið. Bæjarráð vísar umræðu um skýrsluna til bæjarstjórnar.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd bæjarstjóra



Elva Björk Einarsdóttir
sérfræðingur á skjalasafni